



Verklags- og úthlutunarreglur

Vegna rýmingar Grindavíkur í nóvember 2023

Tilgangur reglnanna er að setja ramma um ráðstöfun þess fjármagns sem Rauði krossinn hefur safnað vegna rýmingar Grindavíkurbæjar í nóvember 2023 og er eyrnamerkur til aðstoðar Grindvíkingum sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum hamfaranna.

Úthlutunarnefnd

Rauði krossinn, Grindavíkurbær og Kirkjan skipa 4 manna úthlutunarnefnd. Nefndin starfar í samræmi við þessar reglur en hefur heimild til að víkja frá þeim ef fyrir því liggja ríkar ástæður og skulu slík frávik vera rökstudd í fundargerð.

Þau sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum varðandi ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi ástæður eru til þess fallnar að draga úr tiltrú á óhlutdrægni við ákvarðanatöku.

Við úthlutun styrkja skal taka mið af eftirfarandi:

1. Styrkþegi eigi ekki rétt á fjármagni vegna viðkomandi útgjalda eftir öðrum leiðum, svo sem frá félagsþjónustu, tryggingarfélögum, stéttarfélögum o.s.frv.
2. Styrkurinn sé til þess fallinn að létta undir með umsækjendum og aðstoða þá við að koma lífi sínu í fyrra horf, eftir því sem auðið er.

Í úthlutunarnefnd sitja:

- 2 fulltrúar frá Rauða krossinum.
- 1 fulltrúi frá Kirkjunni.
- 1 fulltrúi frá Grindavíkurbæ.

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar eða fjölskyldur sem hafa orðið fyrir beinu og milliliðalausum tjóni af völdum náttúruhamfaranna í Grindavík í nóvember 2023.

Umsóknarferli og framkvæmd

Eftirfarandi hafa heimild til að skrá umsóknir á þar til gert rafrænt skráningareyðublað:

- Starfsfólk Rauða krossins í þjónustumiðstöð almannavarna.
- Félagsþjónusta Grindavíkurbæjar.
- Grindavíkurkirkja.



Úthlutunarnefnd fer yfir óafgreiddar umsóknir á fundum sínum hvern miðvikudag meðan á gildistíma reglnanna stendur. Ritari úthlutunarnefndar svarar umsækjendum skriflega í tölvupósti með afriti á þann aðila sem skilaði inn viðkomandi umsókn.

Rauði krossinn á Íslandi greiðir styrkinn beint á reikning styrkþega innan 5 daga frá samþykkt styrkveitingar í samræmi við greiðslubeiðni frá úthlutunarnefndinni.

Styrkir

Gildar ástæður styrkveitinga:

- Brýn þörf fyrir fjárhagsaðstoð fyrir mat og öðrum nauðsynlegum aðföngum heimilisins. Hámarksstyrkur er kr. 30.000 á einstakling, 50.000 krónur á sambúðarfólk og 15.000 fyrir hvert barn undir 18 ára aldri.
- Fargjöld eða annar ferðakostnaður sem telst nauðsynlegur vegna hamfaranna og fæst ekki greiddur eftir öðrum leiðum. Styrkur getur numið allt að 100% af styrkþörf en taka skal mið af hagkvæmasta kosti hverju sinni.
- Endurgreiðsla eða kaup á nauðsynlegum búnaði vegna hamfaranna sem fæst ekki greiddur með öðrum hætti. Styrkur getur numið allt að 100% af styrkþörf en taka skal tillit til hagkvæmasta kosts hverju sinni.
- Kostnaður vegna sálfélagslegs stuðnings í nánú samráði við samráðshóp áfallahjálpar.
- Sjálfsábyrgð Náttúruhamfaratryggingar Íslands, kr. 400.000.

Meðhöndlun persónuupplýsinga

Persónugreinanlegar upplýsingar koma fram með eftirfarandi hætti:

- Rafrænt umsóknareyðublað og skjal sem safnar upplýsingum út frá eyðublaðinu. Vistað á Microsoft Forms á læstu svæði í eigu Rauða krossins á Íslandi. Málsnúmer viðkomandi er sjálfvirkt raðnúmer sem verður til við skráninguna. Eftirfarandi hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum: Úthlutunarnefnd.
- Tölvupóstar sem sendir eru á umsækjendur þar sem fram kemur úrskurður úthlutunarnefndar. Eftirfarandi hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum: Ritari úthlutunarnefndar, viðkomandi umsækjandi og sá aðili sem skráði umsóknina.
- Greiðslubeiðnir og millifærslur. Eftirfarandi hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum: Ritari úthlutunarnefndar, bókari og gjaldkeri Rauða krossins á Íslandi. Strika skal yfir allar persónugreinanlegar upplýsingar við skönnun skjala í bókhalds- og skjalavistunarkerfi Rauða krossins.
- Í fundargerðum úthlutunarnefndar skulu einungis koma fram málsnúmer undir þeim liðum þar sem fjallað er um meðferð umsókna.



Öllum upplýsingum varðandi umsóknir og styrkveitingar skal eytt að 3 mánuðum liðnum í tölvukerfi Rauða krossins en félagsþjónusta Grindavíkurbæjar hefur ein heimild til að halda eftir persónugreinanlegum upplýsingum svo hægt sé að tryggja rekjanleika ef upp koma álitamál síðar.

Ábyrgð

Umsækjandi ábyrgist að þær upplýsingar sem koma fram í umsókninni séu sannar og réttar. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu ef fram koma upplýsingar um að málsatvik hafi ekki verið í samræmi við þær upplýsingar sem komu fram í umsókn.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi ber ábyrgð á skráningu og meðferð fjármuna í samræmi við lög félagsins og lög frá Alþingi um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri (nr. 119/2019).

Úthlutunarnefnd ber ábyrgð á því að farið sé með persónugreinanlegar upplýsingar í samræmi við lög frá Alþingi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018).

Gildistími

Verklagsreglurnar taka gildi mánudaginn 27. nóvember 2023 og gilda út febrúar 2024. Úthlutunarnefnd er heimilt að framlengja gildistímamann um mánuð í senn að þeim tíma loknum ef ástæða er til.

Rauða krossinum á Íslandi, 23. nóvember 2023

Fh. RKÍ,

Jón Brynjar Birgisson sviðsstjóri aðgerðasviðs.